

## Göngustafur

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Gott verkefni til að vinna að samþættingu hreyfingar, fjallgöngu og smíðakennslu. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

**Námsgreinar:** Samþætting, smíði, list- og verkgreinar, náttúrufræði, stærðfræði, lífsleikni og íþróttir.

**Aldurshópar:** Yngsta stig, miðstig og elsta stig.



### VERKLÝSING

Sverar aspar- eða víðigreinar, beinar birkigreinar eða sambærilegt greinaefni. Að minnsta kosti eins metra langar fyrir yngsta stigið. Á miðstigi geta nemendur sagað niður í réttar lengdir, hver fyrir sig.

Nemendur velja sjálfir hvernig unnið er úr efniviðnum og hanna göngustafinn. Gott er ef þau ákveða fyrir fram hvernig þau vilja skreyta og vinna stafinn sinn. Hægt er að tálga börkinn alveg af eða að hluta til. Þá er hægt að tálga hvers kyns mynstur í börkinn eða viðinn. Gott er að tálga börkinn af þar sem handfangið á að vera og pússa vel svo að nemendur fái ekki flísar þegar þeir nota stafinn í gönguferðum. Þá er hægt að nota þjalir eða raspa til að gera mynstur og tálga felukall eða figúru í stafinn sinn. Einnig er gaman að brennimerkja mynstur eða myndir og einnig að merkja sér stafinn. Mikilvægt er að nemandi sé sáttur við stærðina á stafnum sínum og stafurinn falli vel í hendi við notkun.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Sverar aspar- eða víðigreinar, beinar birkigreinar eða sambærilegt greinaefni, a.m.k. 1 m langt. Greinaklippur, sagir, tálguhnífur, raspur, brennipenni, sandpappír, lakk, vax eða olía til yfirborðsmeðhöndlunar.